





Kvikmyndasafn Íslands



Michelangelo Antonioni 1912 - 2007



Ingmar Bergman 1918 - 2007

Sýningaskrá haustið 2007



Sýningar eru í
Bæjarbíói
í Hafnarfirði

Ritstjórn: Þórarinn Guðnason
Höfundar efnis:
Þórarinn Guðnason
og Erlendur Sveinsson.

Ljósmyndir, forsiða (ísl.myndir):
Þórarinn Guðnason.
Aðrar ljósmyndir eru úr kynningarefni með
viðeigandi myndum.
Helstu heimildir: IMDB.com,
gagnasafn Kvikmyndasafnsins og ýmsar
handbækur um kvikmyndir.
Umbrot: Hjálmtýr Heiðdal.

Prentun: Íslandsprent ehf.
Útgáfa: Kvikmyndasafn Íslands, © 2007

Sýningaskrá Kvikmyndasafns Íslands haustið 2007

Í ár er sýningaskrá Kvikmyndasafnsins eingöngu fyrir haustið 2007, þar sem næsta ár verður tekið saman í eina skrá frá áramótum til loka árs, í tilefni 30 ára afmælis safnsins.

Við höfum eins og á síðasta ári, reynt að sýna sem allra mest af efni úr fórum safnsins en að venju höfum við notið systursafna erlendis.

Þer sérstaklega að nefna sænska kvikmyndasafnið (Svenska Filminstitutet), það danska (Det Danske Filminstitut) og breska kvikmyndasafnið (National Film and Television Archive-British Film Institute) en einnig kemur þar við sögu kvikmyndafélagið Palladium A/S í Kaupmannahöfn.

Dagskráin er birt í heild sinni á baksíðu þessa bækling.

Sýningar Kvikmyndasafnsins fara fram í Bæjarbíói,
Strandgötu 6, Hafnarfirði, þriðjudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 16:00.
Miðaverð er kr. 500.

Sími: 5556160. Netfang: kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is



www.kvikmyndasafn.is

Í minningu meistara

Kvikmyndasafninu er bæði ljúft og skylt að heiðra minningu þeirra Ingmars Bergman sem varð 89 ára og Michelangelo Antonionis sem náði 94 ára aldri en þeir létust á sama deginum, 30 júlí s.l..

Það er í senn falleg og dramatísk tilviljun að þeir skuli kveðja á nánast sömu stundu, þótt fráfall hvorugs þeirra kæmi verulega á óvart, sökum aldurs þeirra. Í hugum margra markar fráfall þeirra samt ákveðin tímamót í kvikmyndasögunni, ekki aðeins vegna þess að þeir voru báðir frábærir kvikmyndagerðarmenn, heldur voru bestu verk þeirra beggja staðfesting á því að kvikmyndagerðin hefði skipað sér í hóp æðri listgreina.

Mikið hefur verið skrifað, bæði hér heima og erlendis um meistarana tvo, eftir andlát þeirra. Fara þar e.t.v. fremstir í flokki Woody Allen, sem ekki hefur farið leynt með aðdáun sína á Bergman og Martin Scorsese sem skrifaði merka grein um Antonioni af þessu tilefni og um þau áhrif sem hann hafði á hann sem kvikmyndahöfund.

Það er skemmtileg staðreynd að þessir áhrifamiklu kvikmynda - höfundar, voru með vissum hætti heimamenn í Hafnarfirði, þar sem Kvikmyndasafnið er til húsa. Að minnsta kosti 11 af kvikmyndum Bergmans voru frumsýndar í Hafnarfjarðarbíói og ein í Bæjarbíói (Vargtimmen). Sú mynd Antonionis, sem markaði þáttaskil á ferli hans; Ævintýrið, var frumsýnd þar og þá teljum við að nokkrar af fyrri myndum hans hafi einnig verið frumsýndar í Bæjarbíói.

Ingmar Bergman er frægasti kvikmyndaleikstjóri Svíþjóðar og almennt talað einn af mikilvægustu kvikmyndagerðarmönnum í heimi. Frægð hans byggist á yfirgripsmikilli gerð kvikmynda með

skýrum höfundareinkennum, á ferli sem nær yfir næstum sextíu ár. Bergman hefur leikstýrt u.þ.b. fimmtíu kvikmyndum fyrir kvikmyndahús og sjónvarp og skrifað handrit að öðrum tólf.

Antonioni hóf feril sinn sem aðstoðarmaður hjá Roberto Rossellini og Marcel Carné áður en hann stjórnaði sinni fyrstu kvikmynd, Cronaca di un Amore.

Þrilekurinn: L'Avventura, La Notte og


L'Eclisse opnaði Antonioni dyrnar að umheiminum - en hann fæst þar við líf borgarastéttarinnar og fjallar um fyrringu, depurð og ótta í nýstárlegu formi sem þá var nýjung í ítalskri kvikmyndagerð. Á meðal

kvikmynda á ensku, sem hann gerði í framhaldinu má nefna Blow up og Zabriskie Point. Á sama tíma og þrileikur Antonionis leit dagsins ljós, gerði Bergman einnig þrjár myndir sem tengdar hafa verið saman. Franskri kvikmynda - sagnfræðingurinn Georges Sadoul lýsir þeim sem þrileik um einsemd mannsins og þögn Guðs og ef til vill spurninguna um það, hvort Guð sé yfirleitt til.

Myndirnar nefnast: Sem í skuggsjá, Kvöldmáltíðar - gestirnir og Þögnin.

Kvikmyndasafnið hefur ákveðið að minnast þessara tveggja meistara með því að taka til sýningar þessa frægu

þrileiki þeirra. Þrileikur Bergmans var á sínum tíma allur sýndur í Hafnarfjarðarbíói og vakti mikið umtal, einkum síðasta myndin Þögnin, sem gat af sér mikil blaðaskrif og sífellt var verið að vitna til í skrifum gagnrýnenda um aðrar myndir, eftir að hætt var að sýna hana. Þrileikur Antonionis vakti kannski ekki eins mikið umtal í blöðunum en fyrsta myndin í flokknum, Ævintýrið, var sýnd í Bæjarbíói eins og áður sagði, miðmyndin, Nóttin, í Tónabíói og Sólmyrkvinn í Hafnarbíói.



Ingmar Bergman

Einn ástsælasti leikari þjóðarinnar, Baldvin Halldórsson lést nýverið en hann var jafnframt ötull leikstjóri, bæði á leiksviði og í sjónvarpi. Ástæða væri til að gera leikstjórnarferli Baldvins verðug skil en hann átti stóran þátt í gullaldarskeiði sjónvarpsins, þegar það þótti eðlileg dagsskrárstefna að búa til ein 8 leikin verk á ári. Stærsta hlutverk Baldvins í íslenskum bíómyndum er án efa Jón Prímus í Kristnihaldi undir Jökli, sem gerð var eftir samnefndri skáldsögu Halldórs Laxness og dóttir Laxness, Guðný Halldórsdóttir leikstýrði.

Á haustdagskránni verða sýndar nokkrar myndir Ingmars Bergmans til viðbótar, sem komu seinna til sögunnar og allar eru litmyndir. Kvikmyndasafnið varðveitir talsverðan fjölda Bergmanmynda og þykir rétt að nota þetta tækifæri, til að sýna hluta þeirra.

Tvær myndir Chaplín verða teknar til sýningar. Önnur þeirra, Kóngur í New York var frumsýnd fyrir nákvæmlega 40 árum en hún var fljótlega eftir frumsýninguna í Bandaríkjunum, tekin til sýninga í Bæjarbíói. Hin Chaplín myndin, Einræðisherrann frá árinu 1940, er sýnd mitt á milli tveggja mynda Bergmans sem báðar hafa útgangspunkt í heimsstyrjöldum síðustu aldar, þeirri fyrri og þeirri síðari.

Sýningarskránni er lokað með nokkrum erlendum myndum þar sem fram koma Íslendingar. Leynardómar Snæfellsjökuls var á sínum tíma sýnd í Nýja Bíói í Reykjavík. Í aðalhlutverki er íslendingurinn Pétur Rögnvaldsson, sem lést fyrr á þessu ári.

Myndin er gerð eftir hinni frægu sögu franska brautryðjandans í vísindaskáldsöguritum Jules Verne, og má segja að þessi mynd kallist á ýmsan hátt á við Kristnihald undir Jökli, þar sem Laxness minnst á sögu Vernes í skáldsögu sinni.

Sýningaskráin nær einungis til áramóta eins og áður sagði en þá kemur út ný skrá sem spannar allt næsta ár, sem helgað verður margvíslegu afmælishaldi, eins og 30 ára afmæli

Kvikmyndasafnsins og 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar, þar sem það er til húsa.

Að lokum skulum við vitna í Antonioni, sem svaraði spurningu um vinnuaðferðir sínar á eftirfarandi hátt, við verðlaunaafhendingu á einni mynda sinna. Sú yfirlýsing getur verið stefnumarkandi fyrir stofnun eins og Kvikmyndasafn Íslands, sem ekki getur látið aðsóknartölur að kvikmyndahúsi sínu ráða myndavalinu.

Antonioni sagði: Frá árinu 1950 þegar ég gerði myndina Cronaca di un Amore, til dagsins í dag



Baldvin Halldórsson og Sigurður Sigurjónsson
í Kristnihaldi undir Jökli

eða fram að La Notte, hef ég alltaf reynt að vinna á ákveðinn hátt, sem er: að láta ekki stjórnast af áhorfendum, ekki vegna þess að ég virði þá ekki - ég er hvorki sá hugsuður sem margir halda mig vera, né bý ég í filabeinsturni - heldur vegna þess að kvikmyndir eru hvorki gerðar fyrir áhorfendur í gróðaskyni, né heldur til að öðlast vinsældir, heldur til að vera eins vel gerðar og frekast má verða. Þetta finnst mér heillavænlegasta leiðin fyrir hvern þann sem vill vera sannur í listsköpun sinni.

Þórarinn Guðnason
forstöðumaður
Kvikmyndasafns Íslands

4. og 8. september

11. og 15. september

Sem í skuggsjá

Såsom i ett spegel

Ingmar Bergman 1961

Sem í skuggsjá er fyrsta myndin í þrileik Bergmans um sambandsleysi mannsins og guðs.

Dóttirin og eiginkonan Karin, sem þjádst hefur af geðrænum vandamálum hefur nýlega verið útskrifuð úr meðferð og leitar sér nú endurhæfingar í sumarhúsi fjölskyldunnar við sjávarsíðuna. Mennirnir í lífi hennar gera sér enga grein fyrir hvers konar tilfinningalegan stuðning hún hefur þörf fyrir við þessar aðstæður. Rithöfundurinn David, faðir hennar, og eiginmaðurinn Martin, sem er læknir, eru bæði kaldlyndir og sjálfsuppteknir menntamenn og láta endurhæfingarferli Karinar sér í léttu rúmi liggja á meðan athygli Karinar beinist æ meir að veiklunduðum og kynferðislega móttækilegum yngri bróður hennar, Mínusi.

Þessi mynd er fyrsta myndin í þrileik Bergmans, hinar eru Kvöldmáltíðargestirnir og Þögnin.

Sem í skuggsjá var framlag Svía til Feneyjatvíæringisins árið 1962 og fékk Óskarsverðlaun árið 1962 sem besta erlenda kvikmyndin.

Leikarar: Harriet Andersson, Max von Sydov og Gunnar Björnstrand.



Max von Sydov




Harriet Andersson

Kvöldmáltíðargestirnir

Nattvårdsgästerna

Ingmar Bergman 1962



Á köldum sunnudegi um vetur, messar presturinn Tomas í lítilli sveitakirkju yfir örláum sóknarbornum sínum, á sama tíma og hann á í mikilli sálarnauð vegna efasemda um trúarsannfæringu sína.

Eftir messu reynir hann að hughreysta sjómann sem er heltekinn af kvíða, en getur einungis rætt um þann vanda sem, hann presturinn, á í með samband sitt við Guð. Kennslukonan, Marta, býður prestinum ást sína sem huggun fyrir að hafa misst trúna.

En hann hafnar þessu boði hennar jafn ákveðið og hún tjáir honum ást sína.

Kvöldmáltíðargestirnir er önnur í röðinni í þrileik Bergmans, þar sem hann fæst við samband mannsins við Guð.

Leikarar: Ingrid Thulin, Gunnar Björnstrand, Max von Sydov, Gunnel Lindblom.

18. og 20. sept.

25. og 29. sept.

Pögnin

Tystnaden

Ingmar Bergman 1963



Systurnar Anna og Ester eru á ferðalagi ásamt syni Önnu, þegar þau neyðast til að stöðva för sína vegna slæmrar heilsu Esterar. Þau koma sér fyrir á hóteli í ókunnu gullandi, sem virðist vera á barmistyrjaldar. Anna forðast athygli hinnar

örvæntingarfullu og veiku systur sinnar, yfirgefur hana og hittir ókunnugan mann á bar.

Ester er skilin eftir til að kljást við sársaukann sem fylgir sálarflækjum hennar og sjúkdómi. Á sama tíma kannar drengurinn dularfull húsakynni hótelsins.

Þessi þriðja mynd "Guðstrílógiu" Bergmans um fjarveru Guðs, þögn hans og áhrif þess á tilfinningar og tengsl fólks sín á milli var ein af umdeildustu myndum sem hann gerði, enda voru viðbrögðin við sýningu hennar í Hafnarfjarðarbíói eftir því en megin inntak myndarinnar er fjarvera Guðs, þögn hans, og áhrif þess á tilfinningar og tengsl fólks í millum.

Hér á landi tókust menn á um það hvort myndin fjallaði um guðlausan og kærleikslausan heim eða einberan sorann.

Pögnin fékk sænsku Guldbaggen verðlaunin fyrir bestu leikstjórnina, bestu leikkonuna í aðalhlutverki og sem besta myndin.

Leikarar: Ingrid Thulin, Gunnel Lindblom.

Kristnihald undir jökli

Guðný Halldórsdóttir

1989

Kvikmyndasafnið vill með sýningu Kristnihaldsins minnst leikarans og leikstjórans Baldvins Halldórssonar sem lést 14. júlí sl.

Söguhetja myndarinnar er Umbi sem sendur er af biskupi á Snæfellsnes til að gera úttekt á kristnihaldi. Einkanlega á hann að kanna undarlega hegðan gamla sóknarprestsins Jóns Þrímusar sem Baldvin Halldórsson túlkar af snilld. Vopnaður vasabók og segulbandi heldur Umbi af stað á Nesið.

Hann tekur að yfirheyra sóknarmeðlimi en svör þeirra eru vægast sagt loðin. Smám saman er hann dreginn ofan í kviksyndi undarlegra atburða og tilraunir hans til að skilja ástandið gera hann sífellt ráðviltari.

Kvikmyndin er gerð eftir skáldsögu Halldórs Laxness. Hún fékk áhorfendaverðlaun "Lübecker Nachrichten" á Norrænum kvikmyndadögum í Lubeck árið 1989.

Leikarar: Sigurður Sigurjónsson, Baldvin Halldórsson, Kristbjörg Kjeld.



2. og 6. okt.

9. og 13. okt.

Ævintýrið

L'Avventura

Michelangelo Antonioni 1960

Kvikmyndasafnið sýnir myndina, ásamt tveimur öðrum myndum Antonionis úr þrileiknum, í minningu þessa ítalska meistara, sem lést 30. júlí s.l. Hópur auðugra Ítala leggur af stað í siglingu til eyðilegar eldfjallaeyjar í Miðjarðarhafinu. Á eyjunni týnist aðalpersóna myndarinnar Anna. Kærasti Önnu, Sandro og vinkona hennar Claudia, hafa leitað hennar án árangurs. Meðan á leit þeirra stendur, verða þau hrifin hvort af öðru. Þau verða síðan elskendur en minningin um Önnu er stöðugt í huga þeirra.

Þessi tímamótamynd Antonionis vann til sérstakra verðlauna dómmefndar í Cannes árið 1960.

Leikarar: Gabriele Ferzetti, Monica Vitti, Lea Massari, Dominique Blanchar.



Michelangelo Antonioni

Nóttin

La Notte

Michelangelo Antonioni 1961

Giovanni sem er vel metinn rithöfundur og eiginkona hans, Lydia, heimsækja sameiginlegan vinnu sinn, Tommaso en hann liggur fyrir dauðanum á sjúkrahúsi. Eftir að heimsókninni lýkur, ætla Giovanni í kynningarhóf sem haldið er í tilefni útgáfu nýrrar



bókar hans en áður en hann kemst þangað, lýsir kona hans því yfir að hún elski hann ekki lengur. Hún fer og heimsækir gamla hverfið þeirra í Milánó en hann reynir að taka upp fyrra samband sitt við aðra konu. Öflin sem stífa þeim í sundur í upphafi myndarinnar sameina þau síðan að lokum.

Í þessari mynd koma sterkt fram höfundareinkenni Antonionis, kvikmyndatökan er útpæld og jafnvel köld á köflum og fangar persónurnar hægt og hljótt, en þær eiga, eins og svo oft áður í samskiptaörðugleikum og koma ekki orðum að því sem þær vilja segja.

Antonioni fékk Gullna björninn í Berlín 1961 fyrir leikstjórn myndarinnar, auk annarra verðlauna.

Leikarar: Marcello Mastroianni, Jeanne Moreau, Monica Vitti.

Dagskráin er birt í heild sinni á baksíðu þessa bæklinga. Sýningar Kvikmyndasafnsins fara fram í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði, þriðjudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 16:00.

16. og 20. okt.

23. og 27. okt.

Sólmyrkvi

L'Eclisse

Michelangelo Antonioni 1962

Sólmyrkvi er þriðja og síðasta myndin í þrileik Antonionis. Hér eins og í fyrri myndunum tveimur er viðfangsefnið vanhæfi persónanna til mannlegra samskipta. Auðhyggja og tilfinningakuldi er undirstrikað með óhlutbundinni myndatöku, ásamt ýmsum táknum og þögn.

Vittoria, sem býr í úthverfi Rómar, hefur sagt sambýlismanni sínum upp eftir uppgjör næturinnar. Hún hittir verðbréfasalann Piero um það leyti sem hlutabréf eru að falla á markaðnum og þau taka upp samband sem fer hikandi af stað. Ötíttinn innra með þeim kemur í veg fyrir að þau geti talað um ást sína á samfærandi hátt og kemur jafnframt í veg fyrir varanleika sambands þeirra. Endir myndarinnar er áhrifarík. Myndavélin sýnir í lokin staðinn, þar sem þau hafa ákveðið að hittast en persónurnar sjálfar eru víðsfjarri. Smám saman dimmir og tilfinning skapast fyrir sólmyrkva sem myndin heitir eftir og sýnir ekki að raunverulegum sólmyrkva, sem Antonioni lét að visu

kvikmynda árið sem myndin var tekin en notaði ekki, heldur sólmyrkvanum í sálum persónanna. Myndin var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes árið 1962 en fékk síðan sérstök verðlaun dómmefndar fyrir leikstjórn.

Leikarar: Alain Delon, Monica Vitti, Francisco Rabal.



Alain Delon

Íbúð til leigu

Lejlighed til leje

Emanuel Gregers 1949

Eitt mesta vandamál allra tíma er húsnæðiseklan, biðlistinn er langur og engin lausn í sjónmáli.

Eva Jessen kemur heim í leigubúðina sína, þreytt eftir erfiði dagsins. Það kemur í ljós að búíð er að segja henni upp húsnæðinu og hún þarf að finna nýtt í staðinn.

Blaðamaðurinn Harry Brun er líka að leita að íbúð fyrir sig og unga, verðandi eiginkonu sína. Fyrir tilviljun koma Eva og Harry á sama tíma að skoða íbúð sem hefur verið auglýst og Harry platar Evu til að látast vera eiginkona hans, til að

ná í íbúðina.

Nökrum dögum síðar flytur "nýgifta" parið svo inn í íbúðina og þá hefjast vandræðin fyrir alvöru.

Elsa Sigfúss var mjög vinsæl söngkona í Danmörku ekki síður en á Íslandi, um miðja síðustu öld. Hér fer hún með hlutverk næturklúbbsöngkonu í þessari ljúfu dönsku mynd eftir Emanuel



Elsa Sigfúss

Gregers. Aðrir leikendur í myndinni eru m.a. Ib Schönberg, Lis Lövert og Buster Larsen. Emanuel Gregers hóf feril sinn árið 1912 sem leikari en stjórnaði sími fyrstu mynd árið 1914. Hann mun alls hafa stjórnað amk. 35 kvikmyndum.

30. okt. og 3. nóv.

6. og 10. nóv.

Ókunnur gestur

En fremmed banker på

Johan Jacobsen 1959

Ókunnur maður er á flótta og bankar upp á í sumarbústaðnum við ströndina. Ung ekkja sem býr þar alein, skýtur skjólshúsi yfir gestinn, vegna óveðurs sem stendur yfir. Dvöl hans dregst á langinn, auk þess sem þau sjálf, dragast meira og meira hvort að öðru. Einn sólskinsdag á ströndinni, takast með þeim ástríðufullar ástir. Konan finnur gamlar tilfinningar vakna sem hún hafði álitid að væru löngu horfnar. Hún kemst hinsvegar að því að ókunni maðurinn hefur ekki hreint mjöl í pokahorninu og að fortíð þeirra tengist á skelfilegan hátt.

Myndin þótti á sínum tíma óvenjulega djörf og erótísk en hún fékk þrenn Bodilverðlaun; bæði fyrir leikara og leikkonu í aðalhlutverkum og Johan Jacobsen fyrir leikstjórn.

Leikendur eru Preben Lerdorff Rye og Birgitte Federspiel.

Slöngueggið

The Serpents egg

Ingmar Bergman 1977

Slöngueggið gerist árið 1923, á einni viku í lífi Abels Rosenberg sem er atvinnulaus og drykkfelldur loftfímleikamaður frá Bandaríkjunum

Á þessum tíma, eftir ósigur Þjóðverja í heimsstyrjöldinni fyrri, er erfitt að draga fram lífið í Berlín. Þegar bróðir Abels fyrirfer sér, leitar hann ásamt mágkonu sinni eftir atvinnu og fá þau vinnu og húsnæði hjá gömlum kunningja sínum, prófessor Veregus. Abel er áljáður í að hafa í sig og á og tekur við starfi á meðferðarstofu Veregusar. Þar kemst hann að raun um hryllilegan sannleikann varðandi atvinnu þessa góðgerðarsama prófessors og uppgvötvar jafnframt frostkaldra ástæðuna fyrir því hvað kom bróður hans til að fremja sjálfsmorð.

Leikendur eru: David Carradine, Liv Ullmann og Heinz Bennent (afinn í Tár úr steini, m.a.)



13. og 17. nóv.

Einræðisherrann

The Great Dictator

Charlie Chaplin 1940

Í upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar þjargar óbreyttur hermaður lífi hins virta flugkappa Schultz. Á flóttu þeirra undan óvininum missir hermaðurinn minnið og endar á sjúkrahúsi. Hann dvelur nokkur ár á sjúkrahúsinu en er síðan útskrifaður og tekur til við að raka menn og klippa í gyðingahverfinu, eins og hann hafði gert fyrir stríð.

En tímarnir hafa breyst í landinu Tomania, eins og það er kallað í myndinni. Einræðisherrann Adenoid Hynkel, sem svo vill til að er ótrúlega líkur rakaranum í útliti, heldur landinu í heljargreipum og er haldinn miklum fordómum gagnvart gyðingum. Dag nokkurn lendir rakarinn í vandræðum og er dreginn fyrir herforingja sem reynist vera fyrrverandi stríðsfélagi hans, flugkappinn Schultz. Eftir það nýtur gyðingahverfið skyndilega verndar hans. En einræðisherrann Hynkel hyggur á heimsyfirráð og þarfnast blórabögguls fyrir almenning í landinu. Schultz er fangelsaður fyrir að vera of vinveittur gyðingum og allir gyðingar sem ekki hefur tekist að flýja eru settir í einangrunarbúðir. Rakaranum og Schultz tekst að ná í einkennisbúninga og flýja en lenda í höndum herliðs Tomaníu. Rakarinn litli er tekinn í misgripum fyrir Hynkel sjálfan og fær því óvænt tækifæri til að ávarpa íbúa landsins.

Þetta er fyrsta talmynd Chaplins og með henni hverfur litli flakkarinn úr myndum hans. Hér talar Chaplin í fyrsta sinn, þótt hann hafi reyndar áður sungið í myndum og með þessari ræðu sinni gerir hann gys að valdagösprurum eins og Adolf Hitler og hans nótum.

Leikarar: Charlie Chaplin, Paulette Goddard, Reginald Gardiner, Jack Oakie.



20. og 24. nóv.

27. nóv. og 1.des.

Snertingin

Beröringen

Ingmar Bergman 1971



Bibi Andersson,

Sænska eiginkonan og móðirin, Karin, virðist lifa í hamingjusömu hjónabandi. Nálægt heimili hennar er fornleifafræðingurinn David að störfum. Hann er gyðingur, sem hefur sloppið úr útrýmingarbúðum og síðan fengið hæli í Bandaríkjunum.

Karin lætur eftir sér að halda fram hjá manni sínum og hefja samband við David. Það reynist hins vegar ekki veita henni þá fullnægju sem hún hafði gert sér í hugarlund. Af ýmsum orsökum er fyrirsjáanlegt að samband þeirra verður átakanlega erfitt. Tilvera hennar er því komin í þá stöðu að hún verður að taka ákvörðun um hvort hún eigi að fylgja David eða snúa heim til eiginmanns síns og barna.

Leikarar: Elliott Gould, Bibi Andersson, Max von Sydov.

Leyndardómar

Snæfellsjökuls

A journey to the Center of the Earth

Henry Levin 1959

Prófessor Lindenbrook leiðir hugrakkan rannsóknarhóp sinn í leiðangri inn að miðju jarðar, um eldfjallið Snæfellsjökul.

Á leið sinni lendir hópurinn í lífshættulegum aðstæðum og baráttu við fornaldarófreskjur og fleira í þeim dúr.

Myndin er gerð eftir sögu hins fræga vísindasöguskálds Jules Verne, sem Laxness minnst á í skáldsögu sinni Kristnihald undir Jökli.

Íslenski leikarinn Pétur Rögnvaldsson, sem hafði leikaranafnið Peter Ronson, leikur stórt hlutverk í myndinni ásamt ekki ófrægari stjörnum en Pat Boone, James Mason, Arlene Dahl og Diane Baker. Pétur lést 16. jan. sl., 73 ára að aldri.

**Pétur
Rögnvaldsson**



Pat Boone



4. og 8. des.

11. og 15. des.

Hvísl og hróp

Viskningar och rop

Ingmar Bergman 1972



Hvísl og hróp gerist á hefðarsetri á seinni hluta 19. aldar. Karin og María hjúkra systur sinni Agnesi ásamt þjónustustúlkunni Önnu. Líf systranna, fullt af lygum, undirferli, kaldlyndi, sjálfsfyrirlitningu, sekt og ást í meinum, sést af og til í endurliti. Dramatískur dauðakrampi Agnesar vekur þeim einungis andúð. Systurnar hörfa undan, hvor á sinn hátt, þegar hún reynir að grípa í hendur þeirra á dauðastundinni.

Notkun rauða litarins er mjög áberandi í myndinni. Rautt er litur holds og blóðs og tvær persónur skera sig til blóðs í myndinni. Persónurnar virðast allar hrærast í opinni und, og það verður öllum ljóst sem stígur fæti inn í húsið og finnur þjáningu íbúanna; innri reiði þeirra, skyndileg hatursfull reiðiköst og ósjálfráða grimmdina sem greina má á milli þeirra.

Þessi mynd er margverðlaunuð, fékk m.a. Óskarsverðlaun árið 1974 fyrir kvikmyndatöku Sven Nykvists auk 4 tilnefninga til Óskars það ár og fjölda annarra verðlauna og tilnefninga.

Leikarar: Harriet Andersson, Kari Sylwan, Ingrid Thulin, Liv Ullman, Erlend Josephson og ýmsir úr fjölskyldu Bergmans.

Kóngur í New York

A King in New York

Charlie Chaplin 1957

Shahdov konungur kemur til New York sem allslaus maður, eftir að uppreisn brýst út í ríki hans. Hann kynnist fljótlega tveimur persónum, Ann Kay, sem er falleg ung kona sem dregur hann á talar og platar hann til að koma fram í sjónvarpsauglýsingum hjá sér og Rubert sem er alburða snjall drengur en foreldrar hans hafa verið dregnir fyrir óamerísku nefndina og fangelsuð, grunuð um að vera kommúnistar. Sem alleiðing af kunningskap þeirra er Shahdov sjálfur grunaður um kommúnisma og verður að koma fyrir eina af yfirheyrslunefndum McCarthys.

Þetta er fyrsta mynd Chaplins eftir að hann fór í útlegð frá Bandaríkjunum og sú síðasta sem hann leikur sjálfur aðalhlutverk í.

Myndin var frumsýnd á Íslandi í Bæjarbíói skömmu eftir að hún hafði verið frumsýnd erlendis. Það var að frumkvæði Helga Jónssonar bíóstjóra en hann sagði svo frá, að hann hefði gert sér betur grein fyrir því en bíóstjórnir í Reykjavík, hversu mikill viðburður það var, að ný mynd eftir Charles Chaplin skyldi vera komin fram á sjónarsviðið. Hann skaut þeim því ref fyrir rass og tryggði sér sýningarrétt af myndinni.

Leikarar: Charlie Chaplin, Maxine Audley, Jerry Desmond, Oliver Johnston o.fl., - m.a. hefur sonur Chaplins, Michael, hlutverk í myndinni (sem Rubert).



Æviágrip



Vestur-Íslendingurinn Pétur Rögnvaldsson eða Peter Ronson, eins og hann kallaðist í Hollywood, lést í Orange County í Kaliforníu 16 janúar s.l. tæplega 73 ára að aldri. Hann fæddist á Íslandi 22. apríl 1934. Hann var íþróttamaður og keppti meðal annars fyrir Íslands hönd á Olympíuleikunum í Róm árið 1960.

Hann var fánaberi íslenska liðsins og keppti í 110 m grindahlaupi en hann hafði unnið til margra Íslandsmeistararitla hér heima sem tugþrautamaður. Hann eignaðist fimm börn; Lísu Björgu Hart, Pétur August Pétursson, Kristínu Berg Ronson, Brian Ronson og Stephen K. Ronson; tvö þau síðustu með eftirlifandi, bandarískri, eiginkonu sinni Marie Ronson (af dönskum ættum).

Pétur lék í hinni þekktu bandarísku bíómynd "A Journey to the Center of the Earth" árið 1959.

Myndin sem gerð var eftir hinna frægu sögu Jules Verne skartaði nokkrum þekktum leikurum eins og James Mason, Pat Boone, Arlene Dahl o.fl. Eftir að tókum myndarinnar lauk var Pétur boðinn framhaldssamningur og hlutverk í öðrum kvikmyndum en hann hafnaði því boði. Honum mun hafa fundist að kvikmyndirnar tækju of stóran skerf af einkalífnum og kaus að lifa lífi sínu utan sviðsljóssins.



Baldvin Halldórsson, Einn ástsælast leikari Þjóðarinnar lést 14. júlí s.l. á 85 aldersári. Hann fæddist á Arnagerðareyri við Ísafjarðardjúp, 23. mars 1923.

Hann var ötull leikari og leikstjóri, bæði á leiksviði og í sjónvarpi.

Hann helgaði Þjóðleikhúsinu mestan hluta ævistarfs síns, lék þar á sviði nær 200 hlutverk frá 1950 til 1992. Þá var hann alkastamikill leikari í útvarpi, lék

í sjónvarpsverkum og kvikmyndum.

Ástæða væri til að gera leikstjórnarferli Baldvins verðug skil en hann átti stóran þátt í gullaldarskeiði sjónvarpsins, þegar það þótti eðlileg dagsskrárstefna að búa til ein 8 leikin verk á ári. Stærsta hlutverk Baldvins í íslenskum bíómyndum er án efa Jón Þrímur í Kristnihaldi undir

Jökli, sem gerð var eftir samnefndri skáldsögu Halldórs Laxness og dóttir Laxness, Guðný Halldórsdóttir leikstýrði.

Baldvin lærði leiklist í Leikskóla Lárusar Pálssonar og sótti frekara nám í sviðsleik til Royal Academy of Dramatic Art í Lundúnum, ásamt samtöðarmanni sínum, leikaranum Gunnari Eyjólfssyni en hóf störf við Þjóðleikhúsið árið 1950.

Kvikmyndir sem Baldvin lék í, eru m.a.: 79 af stöðinni, Punktur, komma, strik..., Atomstöðin, Skyttarnar, Kristnihald undir Jökli, Börn náttúrunnar, Draumadísir, Perfur og svín, Englar alheimsins og No such thing.

Baldvin var sterkur persónuleiki, mannblendinn mannvinnur og gerði ekki mannamun. Hann hafði ákveðnar skoðanir sem hann fór ekki dult með, sem etv. krystallaðist í þeirri ákvörðun hans að þiggja ekki Silfurlampann, sem voru íslensk leiklistarverðlaun og voru veitt árlega af félagi leikdómara á dagblöðunum í Reykjavík og ennfremur var hann harður andstæðingur alls hernaðarbrólts.

Vigdís Pálsdóttir, eiginkona Baldvins, lifir mann sinn. Þau eiga þrjú börn, Pál Baldvin, Ingu Láru og Guðrúnu Jarþrúði.



Ernst Ingmar Bergman, kvikmyndaleikstjóri lést 30. júlí sl. 89 ára að aldri. Hann fæddist í Uppsölum í Svíþjóð 14. júlí 1918, sonur prestsins Erik Bergman og eiginkonu hans Karin. Ingmar kvæntist fimm sinnum og átti 9 börn. Fyrstu fjögur hjónaböndin enduðu með skilnaði en síðasta eiginkona hans, Ingrid von Rosen lést úr krabbameini árið 1995.

Ingmar Bergman er frægasti kvikmyndaleikstjóri Svíþjóðar og almennt talinn einn af mikilvægustu kvikmyndagerðarmönnum í heimi. Frægð hans byggist á yfirgripsmikilli gerð kvikmynda með skýrum höfundareinkennum, á ferli sem nær yfir næstum sextíu ár. Bergman hefur leikstýrt u.þ.b. fimmtíu kvikmyndum fyrir kvikmyndahús og sjónvarp og skrifað handrit að öðrum tólf. Hann var jafnframt leikhúisleikstjóri og leikritahöfundur.

Tíu ára gamall eignaðist Bergman skuggamyndavél (laterna magica) fyrir leikfang. Hann setti einnig saman brúðuleikhús sem barn og má segja að þar með hafi

örlög hans verið ráðin. Hann nam bókmenntafræði og listfræði við Stokkholmsháskóla og þegar hann útskrifaðist þaðan, vann hann sem aðstoðarleikstjóri við leikhúsið í Stokkholmi. Um það leyti gaf hann út nokkrar smásögur og skrifaði fáein leikrit, þ.á.m. Kaspers död (1942) og Jack among the Actors (1946). Tuttugu og sex ára gamall varð hann yngsti leikhússtjóri í Evrópu, þegar hann tók við stjórn borgarleikhússins í Hålsingborg í Svíþjóð.

Fyrstu spörin í kvikmyndum steig hann sem handritshöfundur í kvikmynd Alf Sjöberg, Hets. En fyrsta myndin sem hann bæði skrifaði og stjórnaði sjálfur var myndin Fängelse (1949). Fyrsta mynd sem hann gerði og varð þekkt utan Svíþjóðar var Sommarnattens leende (1955).

Wild Strawberries (1957) er tímamótamynd í ferli Bergmans. Hún fjallar um einangrun manneskjunnar og eins og í mörgum myndum hans notar hann ferðalag sem undirstöðu í söguþræðinum. The Seventh Seal (1957) sem tekin var upp á 35 dögum vann til verðlauna í Cannes. Það er "miðalda vegamynd" sem fæst við skoðun á sambandi einstaklingsins við Guð og hugmyndir manna um dauðann.

Bibi Andersson, Harriet Andersson, Ingrid Thulin og Liv Ullmann voru eftirlætisleikkonur Bergmans í kvikmyndum og Sven Nykvist kvikmyndatökumaðurinn en hann var jafnframt var vinur Bergmans gegnum þykkt og þunnt.

Ellefu af myndum Bergmans voru frumsýndar í Hafnarfjarðarbíói og ein í Bæjarbíói (Vargtínmen). Þrileikur Bergmans var á sínum tíma allur sýndur í Hafnarfjarðarbíói og vakti mikið umtal, einkum síðasta myndin Pögnin, sem gat af sér mikil blaðaskrif og sífellt var verið að vitna til í skrifum gagnrýnenda um aðrar myndir, eftir að hætt var að sýna hana. Ein síðasta kvikmyndin sem hann stjórnaði, Fanny och Alexander (1983) var einskona endurlit hans til æsku sinnar. Hann gerði að lokum sjónvarpsmynd Saraband sem hann sagði mundi verða síðasta verk sitt.

Bergman eyddi síðustu ævidögum sínum á heimili sínu á eyjunni Farö við lestur og samtöl við vini sína, í síma.



Michaelangelo Antonioni, kvikmyndaleikstjóri lést 30. júlí s.l. sama dag og Ingmar Bergman. Hann varð 94 ára gamall.

Antonioni fæddist í Ferrera á Ítalíu 29. sept. 1912.

Eftir að hann útskrifaðist með háskólagráðu í hagfræði frá háskólanum í Bologna árið 1935, hóf hann störf sem blaðamaður við staðarblaðið í Ferrera Il Corriere Padano.

Árið 1940 fluttist hann til Rómar þar sem hann vann við tímaritið Cinema sem var Fasistatímarit sem ritstýrt var af Vittorio Mussolini (syni Benitos Mussolinis).

Antonioni var hinsvegar rekinn frá blaðinu fáeinum mánuðum síðar. Sama ár innritaðist hann í Centro Sperimentale di Cinematografia til að læra kvikmyndataekni.

Hann skrifaði Un pilota ritorna í félagi við Roberto Rossellini árið 1942 og vann sem aðstoðarleikstjóri við mynd Enrico Fulchioni, I due Foscari. 1943 fór hann til Frakklands og aðstoðaði þar við gerð myndar Marcel Carné, Les visiteurs du soir. Hann hóf gerð stuttmynda árið 1940 með myndinni Gente del Po, ný-raunsæis heimildamynd um látæka fiskimenn í Pó dalnum. Að þeirri mynd vann hann frá 1943 - 47.

Fyrsta bíómynd Antonioni Cronaca di un Amore (1950) var hinsvegar frávik frá ný-raunsæisstefnummi, þar sem hann dregur upp mynd af borgarastéttinni. Það gerði hann einnig í næstu myndum sínum, I Vinti, La signora senza camelie og Le amiche sem fjalla um miðstéttarkonur í Torino. Í myndinni Il Grido (1957) snýr hann sér síðan aftur að hinum vinnandi stéttum, þar sem hann kvikmyndar verkamann og dóttur hans.

Þrileikurinn: L'Avventura, La Notte og L'Eclisse opnaði Antonioni dymar að umheiminum - en hann fæst þar við líf borgarastéttarinnar og fjallar um firringu, depurð og ótta í nýstárlegu formi sem þá var nýjung í ítalskri kvikmyndagerð.

L'Avventura var misjafnlega tekið í Cannes árið 1960 en myndin var vinsæl víða í heiminum, í kvikmyndaútúsum sem sýndu listrænar bíómyndir. Á meðal kvikmynda á ensku, sem hann gerði í framhaldinu má nefna Blow up og Zabriskie Point.

Árið 1980 gerði Antonioni Il mistero de Obervald sem var tilraun með rafrænar uppþökur sem síðan voru færðar yfir á kvikmyndaflímu.

Hann fékk heilablóðfall árið 1985 og lamaðist að nokkru og missti m.a. röddina. Þrátt fyrir það hélt hann áfram að gera kvikmyndir, m.a. myndina Al di là delle nuvole (1995).

Síðasta mynd hans var Eros (2004).

Antonioni fékk sérstök heiðursverðlaun, svokölluð Lifetime Achievement Academy Award, árið 1995.

Antonioni var tvíkvæntur, fyrst Letizia Balboni en eftirlífandi, seinni kona hans, heitir Enrica Antonioni. Hann var grafinn í heimaborg sinni, Ferrera 2. ágúst 2007.

Kvikmyndasafn Íslands Sýningaskrá haustið 2007.

4. og 8. sept.	Såsom i ett spegel	Ingmar Bergman
11. og 15. sept.	Natvårdsgästerna	Ingmar Bergman
18. og 20. sept.	Tystnaden	Ingmar Bergman
25. og 29. sept.	Kristnihald undir Jökli	Guðný Halldórsdóttir
2. og 6. okt.	L'Avventura	M. Antonioni
9. og 13. okt.	La Notte	M. Antonioni
16. og 20. okt.	L'Eclisse	M. Antonioni
23. og 27. okt.	Lejlighed til leje	Emanuel Gregers
30. okt. og 3. nóv.	En fremmed banker på	Johan Jacobsen
6. og 10. nóv.	The Serpents Egg	Ingmar Bergman
13. og 17. nóv.	The Great Dictator	Charlie Chaplin
20. og 24. nóv.	Beröringen	Ingmar Bergman
27. nóv. og 1. des.	A Journey to the Center of the Earth	Henry Levin
4. og 8. des.	Viskningur och rop	Ingmar Bergman
11. og 15. des.	A King in New York	Charlie Chaplin